

neitun áfrýjanda til greina, sem gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeirri breytingu einni að frá dómsupphæðinni kr. 362.75 ber að draga áðurnefndar 13 kr., og ber áfrýjanda þannig að greiða stefnda 349 kr. 75 a. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. — Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jón Árnason greiði stefnda Hallgrími Benediktssyni 349 kr. 75 a. með 6⁰/₁₀ ársvöxtum frá 14. janúar 1916 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. júní 1917.

Nr. 24/1917.

Þorgeir Pálsson fyrir hönd
hlutafélagsins »Njörður«
gegn

Eliasi Stefánssyni fyrir hönd
hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Þegar botnvörpuskipið »Njörður«, eign samnefnds hlutafélags hér í bænum, var að veiðum í Faxaflóa á svonefndu Sviði 30. sept. f. á., vildi það til, að vírstrengur vatst um skrúfu skipsins og skrúfuás, svo að skrúfan gat eigi snúist til að hreyfa skipið áfram. Á sömu stöðvum skamt þaðan var einnig við veiðar botnvörpuskipið »Earl Hereford«, eign fiskihlutafélagsins »Eggert Ólafsson« hálf, en hálf Halldórs skipstjóra Þorsteinssonar. Þessu skipi gerði »Njörður« bendingu um að hann væri hjálparþurfi; sneri þá »Earl Hereford« þangað, og varð það að samningi milli skipstjóranna, að »Earl Hereford« drægi »Njörð« til Reykjavíkur, en ekki sömdu þeir um borgun, með því að skipstjórinn á »Earl Hereford« treysti sér ekki til að ákveða hana. Byrjaði drátturinn kl. 4³/₄ síðdegis og gekk tálmunarlaust, voru bæði skipin komin á Reykjavíkurhöfn kl. 6¹/₂ síðdegis nefndan dag. Fyrir þessa hjálp kröfðust eigendur »Earl Hereford« 25000 kr. björgunarlauna af eigendum »Njarðar« og er þeirri kröfu var eigi svarað, en váttryggjendur »Njarðar« fyrir sitt leyti kusu, að borgunin, er eigendum »Earl Hereford« bæri, væri ákveðin með dómi, höfðuðu hinir stefndu þetta mál fyrir sjódómi Reykjavíkur gegn stjórnendum h/f. »Njörður«, þeim Þorgeiri Pálssyni, Jóhanni Þorsteinssyni og Finni Finnssyni fyrir hönd félagsins til greiðslu á 25000 kr. björgunarlaunum, og lauk málinu þar með dómi uppkveðnum 20. febr. þ. á., á þá leið, að h/f. »Njörður« skyldi greiða eigendum »Earl Hereford« 15000

kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir Þorgeir Pálsson framkvæmdarstjóri fyrir hönd h/f. »Njörður« skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. febr. þ. á. og gert þær kröfur, að dómnum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrétti verði allar teknar til greina, að hann verði algerlega sýknaður gegn því að greiða stefndu hæfilega þóknun eftir mati réttarins fyrir ómak það og tilkostnað, er »Earl Hereford« hafði af því að draga »Njörð« af Sviðinu inn á Reykjavíkurhöfn með sérstöku tilliti til kolaeyðslu og tafa frá fiskiveiðum; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Af hálfu hinna stefndu er málinu einnig áfrýjað með gagnstefnu útgefni 21. apríl þ. á. og þess krafist, að dómnum verði breytt þannig, að allar kröfur þeirra fyrir sjódóminum verði teknar til greina og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum.

Þar sem málsaðilar eigi hafa getað komið sér saman um borgun þá, er greiða bæri fyrir hjálpina, er »Njörður« þáði af »Earl Hereford«, þá ber þeim einkum það í milli, hvort »Njörður« hafi verið í hættu og í svo verulegri neyð, að hann hefði eigi með eigin tækjum getað séð sér borgið til hafnareða á annan öruggan stað til að fá vírstrenginn losaðann af skrúfunni, svo að hin veitta hjálp verði að teljast björgun í þeim skilningi, sem átt er við í 10.

kap. siglingalaganna 30. nóv. 1914, eða hér hafi aðeins verið um að ræða minni háttar hjálp, drátt á skipi, sem eigi var í hættu statt eða neyð, stutta leið til hafnar, sem eigi verði talin björgun slík, sem ráð er fyrir gert í siglingalögnum.

Hinir stefndu eigendur »Earl Hereford« telja það vafalaust, að »Njörður« hafi verið staddur í neyð, enda hafi hann gert »Earl Hereford« neyðarbendingu um að koma til hjálpar við hann og, eins og komið var, hafi »Njörður« eigi getað hreyft sig úr stað og átt það á hættu, ef veður spiltist skjótt, sem viðbúið hafi verið um það leyti árs, að reka í land, sem hafi verið á þrjá vegu frá honum og ekki langt frá, en hins vegar hafi hann verið svo langt úti, að mjög erfitt hafi verið um samband við land til að fá aðra hjálp.

Aftur á móti neita áfrýjendur því eindregið, að um björgun sé að ræða eða »Njörður« hafi verið í neyð; í því efni segja þeir, að það sanni ekkert, að »Njörður« beiddi »Earl Hereford« að draga sig, því að skipstjóranum á »Nirði« hafi eigi dottið í hug, að borgunin fyrir þann greiða yrði önnur en hæfileg þóknun fyrir dráttinn á skipinu inn á Reykjavíkurhöfn, og ef honum hefði komið til hugar, að borgunin yrði svo há, sem krafist er í þessu máli, þá hefði hann haft önnur ráð; þar til telja þeir fyrst, að skipið mundi hafa getað komist hjálparlaust til Reykjavíkur, því að skipsskrúfan hafi getað snúist, þó að vírstrengurinn væri undinn um hana, og þó að skipið hefði eigi getað hreyfst úr stað, mundi það eigi hafa verið í hættu eða neyð, þó að »Earl Hereford«

hefði eigi komið til; skipið hafi verið statt á ca. 20 faðma dýpi, haft örugg legufæri og getað legið óhult við akkeri að minsta kosti næstu daga, þar sem það var komið, en skipaferðir hafi þá verið svo tíðar til og frá Reykjavík um þessar slóðir, að auðvelt hafi verið að fá aðstoð til að draga skipið þangað; þá hefði skipstjóranum og verið innan handar, þar sem »Njörður« hafi aðeins verið 7.9 milufjórðunga frá Akranesi, að senda þangað menn á skipsbátnum og símleiðis þaðan að kveðja sér hjálp frá Reykjavík gegn fyrirfram umsamdri borgun.

Þegar »Njörður« kom til Reykjavíkur 30. seft., var kafari frá björgunarskipinu »Geir« fenginn til að losa vírstrenginn frá skrúfunni. Samkvæmt skýrslu hans, sem eigi hefir verið véfengd, var vírstrengurinn undinn 12 sinnum um skrúfuásinn og lykkja af strengnum hafði lagst um eitt skrúfublaðið, svo að skrúfan stöðvaðist. Ennfremur segir kafarinn, að verið geti að tekist hefði, með því að hreyfa vélina ýmist áfram eða aftur á bak, að brjóta vírstrenginn, en fyr en það var gjört hafi skipinu eigi orðið siglt; og þó að strengurinn hefði slitnað, hafi eigi verið hættulaust að sigla skipinu með strengnum um skrúfunna, því að það hefði getað valdið skemdum á skipinu og leka.

Þegar nú svo var komið fyrir skipinu, sem hér er lýst, verður að líta svo á, að það hafi verið statt í neyð, og þó að eigi væri vegna veðurs eða afstöðu skipsins við land, yfirvofandi hætta á því, að það skemdist eða týndist, þá bar þó nauðsyn til að því væri leitað hjálpar tafarlaust. Það verður því að

fallast á, að aðstoð sú, er »Earl Hereford« veitti »Nirði« 30. sept. f. á. með því að draga hann til Reykjavíkur, beri að meta björgun samkvæmt 10. kap. siglingalaganna.

Um verð skipanna »Njarðar« og »Earl Hereford« er eigi upplýst í málinu annað en það, að »Njörður« var vátrygður gegn venjulegri sjávarhættu fyrir 170.000 kr. og gegn stríðshættu fyrir 300.000 kr. Stadhæfingu stefndu um að síðarnefnt skip hafi verið alt að 390.000 kr. virði með afla, kolum, veiðarfærum o. fl., sem í því var, hafa áfryjendur mótmælt. Eftir ómótmælttri skýrslu stefndu var mikill fiskur fyrir þar sem »Earl Hereford« var að veiðum og taldi hann sér vísan mikinn afla, er hann varð að yfirgefa meðan hann hjálpaði »Nirði«. Hins vegar er það viðurkent, að »Earl Hereford« hefði, að lokinni björgun, getað komist aftur á fyrri fiskistöðvar sínar svo fljótt, að hann hefði eigi tafist meir en 4 klukkustundir alls frá veiðum.

Eftir atvikum þeim, er að framan greinir, og þegar sérstaklega er athugað annars vegar verðmæti hins bjargaða skips og að það var svo nauðuglega statt, að lítil líkindi voru til að það hefði getað séð sér farborða af eigin rammleik, og hins vegar, að björgunin tók stuttan tíma, að fyrirhöfnin var lítil, að björgunarskipinu, björgunarmönnum eða eignum þeirra var eigi stofnað í hættu og skipið lagði eigi annað í sölurnar en fárra klukkustunda afla og aukna kolaeyðslu, virðist hæfilegt að ákveða björgunarlaunin með skírskotun til 230. siglingalaganna 8000 kr.,

er áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu með 5% ársvöxtum frá 27. okt. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Þorgeir Pálsson fyrir hönd hlutafélagsins »Njörður« greiði hinum stefndu, Elíasi Stefánssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Eggert Ólafsson« og Halldóri Þorsteinssyni 8000 kr. með 5% ársvöxtum frá 27. okt. 1916 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 2. júlí 1917.

Nr. 34/1917.

Páll Jónsson
fyrir hönd Ásmundar Eiríkssonar
gegn
Sigurði Ingimundarsyni
og Eiríki Einarssyni.